



Eftirlitsverkefni 2011

Meðhöndlun einnota og margnota umbúða í matvælafyrirtækjum

(Janúar 2012)



Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Eftirlitsverkefni	2
3. Framkvæmd	2
4. Niðurstöður	3
4.1. Spurning 1	3
4.2. Spurning 2	3
4.3. Spurning 3	4
4.4. Spurning 4	4
4.5. Spurning 5	5
4.6. Spurning 6	5
4.7. Spurning 7	5
4.8. Spurning 8	6
4.9. Spurning 9	6
4.10. Spurning 10	7
5. Lokaorð	7

1. Inngangur

Flest, ef ekki öll matvælafyrirtæki þurfa að nota umbúðir á einhverjum tímapunkti í sinni starfsemi. Umbúðir geta verið margskonar, þær geta verið filma sem kjöt er pakkað í, fernur fyrir mjólkurvörur, frauðplastkassar utan um fisk til útflutnings eða kassar og kör sem notuð eru til að geyma og flytja matvæli. Umbúðir geta því verið bæði einnota og margnota. Það er því mjög mikilvægt að matvælafyrirtæki meðhöndli umbúðir á réttan hátt. Tilgangurinn með þessu eftirlitsverkefni var að kanna hvort meðferð einnota og margnota umbúða í framleiðslufyrirtækjum væri í samræmi við þau ákvæði sem finnast í lögum og reglum. Þessi skýrsla er samantekt á niðurstöðum eftirlitsverkefnis sem farið var í 2011 og unnið var á tímabilinu 1.apríl til 31.desember.

2. Eftirlitsverkefni

Eitt af mikilvægum hlutverkum Matvælastofnunar (MAST) er að hafa yfirumsjón með matvælaeftirliti og sjá til þess að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Sameiginleg eftirlitsverkefni eru eitt af þeim tækjum sem Matvælastofnun notar til að uppfylla þessi ákvæði í matvælaögunum. Eftirlitsverkefni geta verið margskonar. Í sumum er verið að taka sýni af matvælum á ákveðnu tímabili um allt land og örveruinnihald skoðað. Í öðrum tilfellum er augunum beint að ákveðnum þáttum í starfsemi matvælafyrirtækja. Þetta verkefni er dæmi um síðar nefndu nálgunina, þ.e. verið er að skoða hvernig matvælafyrirtæki meðhöndla einnota og margnota umbúðir.

Þetta verkefni er ólíkt öðrum eftirlitsverkefnum á þann hátt að nú er eftirlit Matvælastofnunar líka tekið inn í niðurstöðurnar, enda gildir nú sama löggjöf fyrir öll matvælafyrirtæki.

3. Framkvæmd

Eftirlitið fór fram frá 1. apríl til 31. desember 2011. Ekki var fyrirfram ákveðið hversu mörg matvælafyrirtæki yrði farið í á hverju svæði, en mælt var til þess að reynt væri að fara í eins mörg mögulegt var. Skýrslum úr eftirliti var skilað rafrænt með notkun Google forma. Á landinu eru 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK)
- Heilbrigðieftirlit Reykjavíkur, Matvælasvið (HER)
- Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ)
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVL)
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV)
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HSN)

Tafla 1. Fjöldi skýrslna

	HHK	HAUST	HKJ	HNE	HNV	HER	HSL	HSN	HVF	HVL	MAST
Skýrslur	29	3	0	0	0	2	2	0	0	0	183


Til að auðvelda eftirlitið voru útbúnar leiðbeiningar með eyðublaði. Niðurstöður eftirlitsins voru síðan skráðar rafrænt með hjálp Google docs.

Þær reglur sem gilda um einnota og margnota umbúðir er m.a. að finna í reglugerð (EB) 852/2004 sem innleidd var í íslenska löggjöf með 103/2010. Matvælastofnun hefur jafnframt gefið út leiðbeiningar um meðferð umbúða og er þær að finna á heimasíðu MAST: www.mast.is/innraeftirlit

4. Niðurstöður

4.1. Spurning 1


Spurt var um hvort umbúðageymsla væri til staðar í fyrirtækinu.



Mynd 1. Er umbúðageymsla til staðar?

4.2. Spurning 2


Spurt var hvort umgengni í umbúðageymslu væri í lagi. Hér er m.a. átt við hvort aðrir hlutir séu geymdir í umbúðageymslunni, s.s. ljósaperur, verkfæri. Einnig var skoðað hvort umbúðir væru í snertingu við gólf og/eða vegg.



Mynd 2. Er umgengni í umbúðageymslu í lagi?

4.3. Spurning 3


Kannað var hvort stjórnandi matvælafyrirtækisins gæti sýnt fram á að umbúðir matvæla væru úr efnum sem heimilt er að komi í snertingu við matvæli.



Mynd 3. Getur stjórnandi fyrirtækisins sýnt fram á að umbúðir matvæla séu úr efnum sem heimilt sé að komist í snertingu við matvæli

4.4. Spurning 4


Spurt var hvort umbúðir séu fjarlægðar úr vinnslusölum fyrir þrif.



Mynd 4. Eru umbúðir fjarlægðar úr vinnslusölum fyrir þrif?

4.5. Spurning 5


Kannað var hvort ytri umbúðir væru inni á svæðum þar sem meðhöndlun óvarinna matvæla fer fram.



Mynd 5. Eru ytri umbúðir inni á svæðum þar sem meðhöndlun óvarinna matvæla fer fram?

4.6. Spurning 6


Spurt var hvort að margnota umbúðir væru notaðar í fyrirtækinu. Þegar talað er um margnota umbúðir þá er átt við t.d. kassa og kör.



Mynd 6. Eru margnota umbúðir s.s. kassar/kör notuð í matvælafyrirtækinu?

4.7. Spurning 7


Kannað var hvort til væru skráðar reglum um umgengni margnota umbúða. Í reglunum þarf t.d. að koma fram fyrir hvað má nota margnota umbúðir og hvernig staðið sé að þrifum á margnota umbúðum.



Mynd 7. Eru til skráðar reglur um umgengni margnota umbúða?

4.8. Spurning 8


Kannað var hvort aðstaða væri til að þrifa margnota umbúðir.



Mynd 8. Er aðstaða til að þrifa margnota umbúðir?

4.9. Spurning 9


Lagt var mat á hvort að þrifa á margnota umbúðum væri fullnægjandi.



Mynd 9. Eru þrif á margnota umbúðum fullnægjandi?

4.10. Spurning 10

Nýjar kröfur eru nú gerðar til merkinga á aukaafurðum úr dýrum sem ekki eru hæfar til manneldis (ABP). Nú er nauðsynlegt að merkja sérstaklega þau ílát sem þessar afurðir eru geymdar í. Merking gæti t.d. verið: Flokkur 3: ÓHÆFT TIL MANNELDIS, mikilvægt er að kör/kassar undir þessar afurðir séu aldrei notuð undir matvæli.



Mynd 10. Eru kör/kassar fyrir aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis (ABP) merkt og notuð samkvæmt reglugerð EB/1774/2002?

5. Lokaorð

Almennt má segja að niðurstöður úr þessari könnun séu nokkuð góðar. Það eru þó nokkur atriði sem má skerpa á. Það kom í ljós að 31% stjórnenda matvælafyrirtækja gátu ekki sýnt fram á að umbúðir matvælnanna væru úr efnum sem heimilt er að komi í snertingu við matvæli. Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli segir: „Efni, sem notað er í innri og ytri umbúðir matvæla, skal ekki valda mengun.“ Í könnunni var spurt hvort umbúðir væru fjarlægðar úr vinnslusal fyrir þrif, það kom í ljós að í 21% tilvika var það ekki gert og ekki var vitað hvort það var gert í 18% tilvika. Í fyrr greindri reglugerð segir einnig: „Efni í innri umbúðir skal geymt þannig að ekki sé hætt á að það mengist“. Annað sem vert er að draga fram er að í þeim tilvikum þar sem margnota umbúðir eru notaðar þá er í 19% tilvika ekki nein aðstaða til að þrifa þessar umbúðir. Ekki var lagt mat á hvort aðstæður til þrifa væru fullnægjandi. Það kom hinsvegar í ljós að þrif á margnota umbúðum voru í 82% tilvika talin fullnægjandi. Það sem er einna brýnast að bæta úr er meðferð og merking á ílátum sem ætluð eru til að geyma aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis (ABP). Í könnuninni kom í ljós að hjá þeim fyrirtækjum þar sem þannig afurðir verða til þá voru merkingar ekki í lagi hjá 57% fyrirtækja.

Þar sem þátttaka HES var ekki mikil í þessari könnun þá endurspeglar niðurstöðurnar ekki nægjanlega vel stöðuna á landinu í heild og er rétt að hafa það í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar.

Að lokum þá vilja Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna minna alla þá sem nota einnota og/eða margnota umbúðir að kynna sér þær leiðbeiningar sem Matvælastofnun hefur gefið út um umbúðir. www.mast.is/innraeftirlit.

Öruggt matvæli, allra hagar.